



Leiðbeiningar til íbúa ef hitaveita bregst tímabundið

Af gefnu tilefni hafa Félag pípulagningameistara og Samtök rafverktaka tekið saman eftirfarandi ábendingar til íbúa sem að kunna að lenda í tímabundinni skerðingu á hitaveitu vegna náttúruhamfara á Reykjanesinu.

Fylgist vel með fréttum og tilmælum frá hitaveitu og Almannavörnum.

Frostskemmdir í húsum fara fyrst að gera vart við sig ef húshiti fer niður fyrir 4 gráður. Við núverandi veðurfar er almennt hægt að gera ráð fyrir að slík kólnun eigi sér stað í húsum eftir 3-4 daga án hita.

Snjóbræðsla Ef um er að ræða snjóbræðslu sem notar affall af húsinu er hætt við því að frostskemmdir myndist innan sólahrings. Mikilvægt er að blása vatni út úr því kerfi með loftpressu og dæla frostlegi í gegnum kerfið til að forðast tjón.

Heitur pottur Ef affall hitaveitu fer í lögn fyrir heitan pott þá er hætt við því að frostskemmdir myndist innan sólahrings. Mikilvægt er að blása vatni út úr því kerfi með loftpressu og dæla frostlegi í gegnum kerfið til að forðast tjón.

Gluggar Varmastreymi er mest í gegnum glugga húsa og því þarf að hafa glugga lokaða og draga gluggagjöld fyrir ef hægt er og jafnvel að verja með teppum eða dýnum til að hindra varmasteymið.

Rafmagns- og olíuhitarar Takmarka skal notkun hitablásara sem ganga fyrir rafmagni eftir fremsta megni. Best er að staðsetja slíka hitablásara í tækjarýmum húsa til að koma í veg fyrir frostskemmdir í tækjarými en ekki að notast við þá til húshitunar. Gott er að hafa í huga að olíufylltir rafmagnsofnar skapa minna álag á rafveitukerfi svæðisins.

Gashitarar Ef notast er við gashitara er mjög mikilvægt að huga að loftræstingu og ekki loka gluggum þar sem gashitarinn er staðsettur. Ekki yfirgefa hús með gashitun í gangi og farið eftir leiðbeiningum almannavarna við notkun þeirra.

Gólfhitakerfi Ef um er að ræða gegnumstreymiskerfi með uppblöndun er æskilegt að taka hringrásardælur úr sambandi. Ekki þarf að taka hringrásardælur úr sambandi ef hitakerfi eru lokað og á það við um bæði gólfhita og ofnakerfi.

Mat á ástandi fasteignar Til viðmiðunar um kulda í húsum er hægt að setja upp hitamæla eða setja glas með vatni á gólf við útvegg til að fylgjast með því hvort vatn sé farið að hríma.

Til viðbótar hefur Félag pípulagningameistara gefið út leiðbeiningar í forvarnarskygni til húseignenda þar sem vakin er athygli á atriðum sem geta forðað vatnstjóni:

<https://piparinn.is/index.php/frettir/266-fp-qefur-ut-leidhbeiningar-um-lagnakerfi-husnaedhis>